

Svör til Sigrúnar Sigurðardóttur Snjómokstur á Hellisheiði og Þrengslum



Spurningar feitletrarðar:

**Frá hausti 2013 hve oft hefur verið skipt um verktaka? Og hvaða ár?
Frá hausti 2013 hve oft hefur samningum verið breytt? Þ e s akstri um Hellisheiði/
ferðum / fjármagni breytt, minnkað eða aukið ?**

Samantekt yfir vetrarþjónustusamninga síðustu ár:

- Verktími: 2014-2021
 - Verksvæði: Selfoss – Reykjavík
 - Fjöldi vetrarþjónustubifreiða: 5 stk.
 - Verktaki: Ingileifur Jónsson ehf.
- Verktími: 2021-2024
 - Verksvæði: Selfoss – Litla Kaffistofa
 - Fjöldi vetrarþjónustubifreiða: 4 stk.
 - Verktaki: Þjótandi ehf.
 - Útboðsmörkum breytt og framlengd að Norðlingaholti. Þá var vetrarþjónustubifreiðum fjölgað í 5 talsins.
 - Eftir að tvöföldun milli Hveragerðis og Selfoss var tekinn í notkun haustið 2022 var verkmagn aukið enn frekar og bílum fjölgað í 6 talsins.

Síða 1/4

Vetrarþjónustusamningur 2021-2024: Kaflinn Selfoss - Litla Kaffistofa var boðinn út sumarið 2021 og um var að ræða 4 vörubifreiðar ásamt vetrarþjónustubúnaði. Þar á undan var vetrarþjónustu-samningur 2016-2021: Selfoss - Reykjavík í gildi þar sem samið var um 5 vörubifreiðar ásamt vetrarþjónustubúnaði. Þjónustusvæðið var minnkað í útboðsgögnum fyrir vetrarþjónustusamning 2021-2024 þannig að það endaði við Litlu-Kaffistofuna og því var fækkað um eina bifreið milli samninga. Í kjölfar niðurstöðu tilboða í vetrarþjónustuútboðunum á höfuðborgarsvæðinu sumarið 2021 var ákveðið að breyta útboðsmörkum vetrarþjónustusamningsins 2021-2024: Selfoss – Litla Kaffistofa og framlengja samninginn að Norðlingaholti, eins og var í fyrra útboði. Við þessar breytingar var fjölgað um eina vetrarþjónustubifreið, svo alls eru 5 vörubifreiðar ásamt vetrarþjónustubúnaði í þessum samningi eins og var í fyrra útboði.

Vorið 2022 var verkmagn endurskoðað að nýju fyrir veturinn 2022-2023 vegna tvöföldunar milli Hveragerðis og Selfoss og í Lögbergsbrekkunni. Því var aukið um aðra bifreið innan samningsins, og því alls orðnar 6 bifreiðar.

Stærsti óvissuþáttur í vetrarþjónustu er veðurfarslegar aðstæður. Magn þess sem samið er um í vetrarþjónustusamningum er ákvarðað út frá meðaltali raunaksturs síðastliðinna fimm vetra til þess að fá inn áhrif breytilegs veðurfars ásamt því að taka til greina þróun vegakerfis og þjónustu þess.

Hér má sjá raunakstur vetrarþjónustubifreiða síðastliðnu vetur í samanburði við samningsmagn:

Vegagerðin
G. Pétur
Matthíasson

Tímabil	Samningsmagn	Raunakstur
Vetur 2015-2016	150.000	169.643
Vetur 2016-2017	150.000	135.842
Vetur 2017-2018	150.000	173.549
Vetur 2018-2019	150.000	154.905
Vetur 2019-2020	150.000	200.278
Vetur 2020-2021	150.000	96.424
Vetur 2021-2022	150.000	254.284

Frá hausti 2013 hver er krafa Vegagerðarinnar um tækji til snjómoksturs?

Vörubifreiðar verktaka og vetrarþjónustubúnaður uppfyllir þær kröfur sem skilgreindar eru í útboðs- og verklýsingu. Kröfur varðandi vélarstærð og útblástur bifreiða er strangari í núgildandi samningi en þeim sem boðinn var út árið 2016.

Tæki og búnaður sem verktaki leggur til fyrir vetrarþjónustusamninginn sem nú er í gildi eru:

- Vörubifreiðar
 - skulu vera að lágmarki með 480 hestafla vélar
 - skulu uppfylla European Emission Standard 6 (Euro 6)
- Combi salt og þækil dreifara sem rúma 6-7 rúmmetra af salti og útbúnir ferilvöktun
- Kastplóga
- Snjótennur með krapablaði
- Undirtennur
- Hliðarvængi

Haustúttekt er framkvæmd á vetrarþjónustubifreiðum og búnaði árlega í byrjun tímabils, og mánaðarlegar úttektir gerðar yfir allt verktímabilið. Vörubifreiðar verktaka og vetrarþjónustubúnaður uppfyllir þær kröfur sem skilgreindar eru í útboðs- og verklýsingu.

Hver er sá eða sú deild sem ákveður að hætta akstri vegna veðurs eða aðstæðna?

Vegurinn um Hellsheiði er fjölfarin leið og er í þjónustuflokki 1, sem þýðir að hann er þjónustaður alla daga vikunnar, allan sólarhringinn. Ef umferð verður minni en 40 bílar á klukkustund er leyfilegt að gera þjónustuhlé að næturlagi. Hellsheiðin er að hluta til fjallvegur en hæsti punktur hennar er í 374 m y.s. Á Hellsheiði eru oft krefjandi veðuraðstæður og því þarf stundum að grípa til lokana.

Það er Vegagerðin sem sér um eftirlit með færð og tekur ákvarðanir um hvenær mokað er og hversu oft. Við þetta mat á færð er bæði byggt á færðareftirliti starfsmanna Vegagerðarinnar, upplýsingum frá bílstjórum verktaka, myndavélum og veðurstöðvum.

Ákvörðun um lokun á vegi er tekin að vel yfirlögðu ráði af sérfræðingum Vegagerðarinnar í samráði við veðurfræðing Veðurvaktarinnar og út frá gögnum

Veðurstofunnar. Þegar fyrirséð er að veðurspá kalli á lokanir á vegum útbýr vaktstöð í samráði við umferðarþjónustu og þjónustustöðvar Vegagerðarinnar lokunaráætlun. Lokunaráætlun eru gefin út til að upplýsa vegfarendur og til að tryggja að allir komist leiðar sinnar í tæka tíð. Með þessu er reynt að koma í veg fyrir að fólk festi sig í slæmu veðri og færð á heiðum landsins, með tilheyrandi hættu. Þá getur komið til þess að loka þurfi án þess að sérstök lokunaráætlun sé til eða hafi verið gefin út t.d. vegna verra veðurs en búist var, aukinni ofankomu eða meiri vindar, ljóst er að ef brugðist er of hægt við er hætta á því að fjöldi bíla lokist inni sem leiðir til þess að enn lengur en ella tekur að opna veg að nýju.

Lokanir vega eru mikilvægar fyrir öryggi vegfarenda. Vegagerðin vinnur eftir viðbragðsáætlunum þegar gripið er til lokana og í góðu samstarfi við björgunarsveitirnar, lögregluna og Neyðarlínuna. Við þessar aðstæður er þjónustuflokkur á öðrum leiðum hækkaður, ef veður leyfir, til þess að hægt sé að tryggja samgöngur milli svæða. Í þessu tilviki fer aukin vetrarþjónusta fyrst af Hellsheiði á Þrengslin og síðan á Suðurstrandarveg ef aðstæður eru þannig.

Við ákvarðanatöku er alltaf sama áhættumat eða er það kannski ekki til staðar? Ef áhættumat er til staðar, hve hátt í áhættumati eru íbúar austan Hellsheiðar settir sem gætu þurft til lækninga vegna bráðþjónustu?

Síða 3/4

Viðbragðsáætlun varðandi lokanir á vegum t.d. Hellsheiðina eru virkjaðar þegar að veðurspá eða aðstæður eru með þeim hætti að þær hafi eða muni hafa áhrif á umferð. Þeir þættir sem horft er til eru veður, færð, ástand, sjónlengd / skyggni eða hindranir af öðrum orsökum t.d. slys. Ákvörðun um lokun er tekin þegar ófærð er það mikið að snjómoksturstæki hafa ekki undan, skyggni til aksturs er óviðunandi eða vegna annarra óviðráðanlegra orsaka.

Alltaf er haft að leiðarljósi að tryggja umferðaröryggi eins vel og unt er ásamt því að vegfarendur komist leiðar sinnar þar sem mikill ábyrgðarhlut er að loka vegum. Það er m.a. gert með því að færa umferð á aðrar leiðar ef það reynist mögulegt til að tryggja samgöngur s.s. af Hellsheiði á Þrengsli eða Suðurstrandarveg sé það mögulegt vegna veðurs.

Vegagerðin

Varðandi íbúa sem gætu þurft til lækninga vegna bráðþjónustu þá er það þannig að forgangsakstur viðbragðsaðila t.d. sjúkrabíla njóta forgangs og er fylgt í gegnum lokanir ef hægt er að koma því við vegna veðurs. Í þeim tilvikum hefur Neyðarlína beint samband við okkur og ekur sjúkrabíll í gegnum lokun með snjóruðningstæki ef það er hægt vegna færðar.

Hver er ástæða þess að Suðurstrandarvegur og þrengsli eru oft forgangur á undan Hellsheiði/Kömbum svo dögum skiptir og Hellsheiði / Kambar eru láttnir óhreinsaðar á meðan. Svarið veður eða bílar fastir er ómarktækt, forgangur hlýtur alltaf að eiga að vera þjóðvegur 1 sem er mun breiðari og með vegrið. Hreinsun fastra bíla gengur mun hraðar fyrir björgunarsveitir þegar hreinsunarbílar eru á staðnum.

Hellsheiði er mjög fjölfarinn vegur sem fellur undir þjónustuflokk 1 sem er hæsta stig þjónustu. Þetta þýðir að unnið er að á veginum allan sólarhringinn ef þess þarf. Mikil áhersla er lögð á að ekki verði ófært milli höfuðborgarsvæðisins og Suðurlandsundirlendisins. Komi til þess að ekki er hægt að halda heiðinni opinni er

vegurinn um Þrengsli án tafar settur í sólarhringsþjónustu því reynslan kennir okkur að þar er auðveldara að halda opnu þegar verst gegnir.

Er verktaka sett fyrir hvernig á að hreinsa eða ræður hann því sjálfur? T d hve margir hreinsunarbílar aka í samfloti? Og hvaða kafli Hellisheiðar er unninn oftast en annar?

Að jafnaði koma rúmlega 300 manns að vetrarþjónustu Vegagerðarinnar á landsvísu. Það eru starfsmenn Vegagerðarinnar á þjónustustöðvum, vaktstöðvum, umferðarþjónustu 1777, tæknimenn með umsjá veðurstöðva, mæla og myndavéla og verkstæðismenn með umsjá og viðhald vetrarþjónustubúnaðar. Verktakar á vegum Vegagerðarinnar sinna snjómokstri og hálkuvörn með vörubifreiðum, snjóblásurum, vegheflum og dráttarvélum. Þar að auki er Vegagerðin í daglegum samskiptum við veðurfræðing Veðurvaktarinnar og í góðu samstarfi við Veðurstofu Íslands, björgunarsveitir, lögreglu og sveitarfélög.

Hér verður ferli vetrarþjónustunnar tekið saman í grófum dráttum. Veðurfræðingur upplýsir vaktstöð um veðurspá og vaktstöð metur færð með myndavélaeftirliti, radar, veðurstöðvum og hálkumælum. Eftirlitsmaður fer á vettvang og metur færð á vegköflum. Staða á hverjum vegkafla er skráð á færðarkort Vegagerðarinnar. Vaktstöð í samráði við eftirlitsmann kallar út vetrarþjónustubifreið, eða annarskonar tæki, með boðunarkerfi. Boð er sent út á verktaka sem hefur allt að 30 mínútur til þess að hefja aðgerðir frá því að útkall berst. Mokstursleiðir eru hlutaðar niður í kafla og bifreiðarstjóri upplýsir vaktstöð um færðarástand á hverjum kafla og færðarskráning er uppfærð. Í hverjum samningi er búið að skilgreina akstursleiðir vetrarþjónustubifreiða og eru bifreiðar kallaðar út eftir hvar er þörf á mokstri hverju sinni. Allar vetrarþjónustubifreiðar eru útbúnar ferilvöktunarbúnaði svo starfsmenn vaktstöðvar og þjónustustöðvar hafa yfirlit yfir staðsetningu bifreiða í rauntíma. Jafnframt greinir ferilvöktun hvaða aðgerð tækið er að sinna, snjótönn uppi/niðri og hvort verið er að dreifa háлкуvarnarefni. Að lokinni aðgerð er verkið tekið út af eftirlitsmanni og metið hvort fara þurfi í frekari aðgerðir á vegkaflanum út frá veðri.

Flestir eftirlitsmenn Vegagerðarinnar hafa starfað lengi hjá Vegagerðinni og hafa mikla reynslu við mat á snjósöfnum, háлкуástandi og breytingum í veðri. Þessir starfsmenn er á ferðinni úti á vegum í samstarfi við starfsmenn vaktstöðva til að meta stöðuna og hvað skuli gert hverju sinni. Margir verktakar sem sinna vetrarþjónustu hafa einnig verið lengi í starfinu og hafa mikla reynslu í faginu.

Hver er ábyrgð Vegagerðarinnar í ákvarðanatökum um að fækka eða hreinlega hætta mokstri?

Vegagerðin ber ábyrgð á allri stjórnun á vetrarþjónustunni og í engum tilfellum viðkomandi verktaki. Ákvarðanatöku um að hætta þjónustu vegna veðurs er á ábyrgð Vegagerðarinnar en neyðar- og viðbragðsaðilar og Almannavarnir koma gjarna einnig að slíkum ákvörðunum þegar mikið liggur við. Vetrarþjónustu er sinnt eins og reglum um vetrarþjónustu eru ákvarðaðar og staðfestar af ráðherra og er það grunnskilgreiningin um hver mikið og hvernig þjónustan er sett upp.